

EFTIRLITSSKÝRSLA

Þóroddur Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	19.9.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Þóroddur	Fulltrúi UST	Kristján Geirsson
Heimili	Eyrargötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5006043790	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Örn Pálsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirliti komu fram fimm frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn vöktunaráætlun sem skila átti fyrir 31. desember 2011, ársyfirliti sem skila átti fyrir 1. maí 2011, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2011. Þá er staðsetning eldiskvía á Tálknafirði ekki í samræmi við starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og ákvæði þess, skil á gögnum s.s. grænu bókhaldi, ársskýrslu rekstraraðila, tryggingum og áætlunum.

Farið var yfir bréf frá rekstraraðila dags. 2. mars 2012 um BAP vöktunarkerfi og notkun þess í íslensku fiskeldi.

Farið var yfir staðsetningu kvía og frávik þeim tengdum úr eftirliti síðasta árs sem og förgun lífræns úrgangs. Farið var að eldissvæði þB og skoðaður aðbúnaður í landi og skimað að kvíum en ekki farið út í þær. Einnig var staðfest að ekki eru kvíar á svæðum þA, þC, tA, tB né tC. Skoðuð var kvíapýrping í Tálknafirði utan tilgreindra svæða í starfsleyfi sem gerð hefur verið athugasemd við í fyrra eftirliti. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila var öllu eldi var hætt í þessum kvíum í júní og eru þær tómar og undirbúningur flutnings er hafinn. Átti framkvæmdum að ljúka í júní en bið var á bát sem átti að nota til verksins og kom hann ekki fyrr en í lok ágúst.

Allar kvíar sem staðsettar voru utan afmarkaðs eldissvæðis í Tálknafirði skv. starfsleyfi voru færðar af svæðinu þann 25. sept. 2012.

Skoðaður var búnaður til að ná dauðum fiski úr kvíum.

Minnt var á að öll gögn skuli send á ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsmanns.

Frávik frá

grein 5.1 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili átti að skila inn vöktunaráætlun sem tekur á vöktun helstu umhverfisþátta í nágrenni kvíanna fyrir 31. 12. 2011. Vöktunaráætlun var skilað í eftirlitinu.

grein 3.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn Grænu bókhaldi fyrir árið 2011, fyrir 1. maí 2012. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað. Rekstraraðila hafa verið sendar uppl. um skráningu græns bókhalds og vinna við það er hafin.

grein 3.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí 2012. Í yfirlitinu eiga að koma fram niðurstöður mælinga, vöktunar og skráninga sbr. kröfum í 3. og 5. kafla starfsleyfis. Rekstraraðili skilaði inn skýrslu í eftirlitinu með athugunum 2010, 2011 og 2012, á áhrifum laxeldis á sjókvíum í Tálknafirði, á botndýralíf, unnið af Náttúrustofu Vestfjarða.

grein 1.2 í starfsleyfi og viðauka 2

Staðsetning kvía í Tálknafirði er á röngum stað m.v. þau hnit sem gefin eru upp í viðaukum 1 og 2.

Allar kvíar sem staðsettar voru utan afmarkaðs eldissvæðis í Tálknafirði skv. starfsleyfi voru færðar af svæðinu þann 25. sept. 2012.

grein 3.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn ústreymisbókhaldi fyrir árið 2011, fyrir 1. maí 2012. Ústreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað. Rekstraraðila hafa verið sendar uppl. um skráningu ústreymisbókhalds og vinna við það er hafin.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu

ANNAÐ


Farið var yfir beiðni rekstraraðila frá 2. mars 2012 um að taka upp vottunarkerfi BAP til notkunar sem umhverfisstjórnunarkerfi og við innra eftirlit laxeldisins. Þar sem þetta er ameríkst kerfi þá eru staðlar þess ekki þeir sömu og staðlar evrópskra kerfa, sem stuðst er við hérlandis. Hins vegar er þetta kerfi notað víðs vegar í fiskeldi og ekkert því til fyrirstöðu að hafa það til hliðsjónar. Gera þarf úttekt á kerfinu og sjá virkni þess áður en sótt er um fækkun eftirlitsúttekta skv. starfsleyfi en sækja þarf sérstaklega um fækkun eftirlita.

Farið var yfir meðhöndlun lífræns úrgangs og kom fram að rekstraraðili hefur samið við þjónustuaðila um að taka allt sopp frá fiskeldinu, þ.m.k. lífrænan úrgang og spilliefni. Dauðfiskur og annar nýtanlegur fiskúrgangur er frystur í blokkum og seldur til Danmerkur í loðdýrafóður.

Bent var á grein 1.4 og 2.4 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að rekstraraðila ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar séu gerðar breytingar á rekstri eða kvíar færðar til á svæðinu.

Notast er við blástur við þrif á kvíum, sem og kafara sem fara með reglulegu millibili niður í kvíarnar til að yfirfara og hreinsa óhreinindi. Lífrænar sápur eru notaðar til þess að þrifa fóðrarana en á þá vilja setjast lýsi og ryk úr fóðrinu. Látið liggja yfir nótt og skolað út með sjó.

Reykjavík, 16.11.2012



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.